



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 128/169

komudagur 20.11.2002


Reykjavík 18. nóvember 2002.

Nefndsvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstæti 8 –10
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Farmanna og fiskimannasamband Íslands telur að efni frumvarpsins feli í sér löngu tímabæra réttarbót sjómönnum til handa, auk þess sem þjóðhagsleg haghvæmni hjóti að fylgja ákvæðum sem hafa í för með sér aukinn hvata til að leiða vinnudeilur til lygta innan þeirra rýmilegu tímamarka sem frumvarpið felur í sér. Eins og sýnt er fram á með ótvíræðum hætti í greinargerð með frumvarpinu er eru leidd algjörlega fullnægjandi rök fyrir því að um réttláta og eðlilega lagabreytingu sé að ræða.

F.h. FFSÍ


Arni Bjarnason

Alþingi
Erindi nr. P 128/254
komudagur 22/11 2002



Alþingi Íslendinga
Hildur Njarðvík, nefndaritari
Nefndarsvið
Austurstræti 10
150 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 20. nóvember 2002



Tilvísun: FEL02110030/0005/HSG/--

Félagsmálaráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 7. nóvember sl., þar sem óskað er eftir áliti ráðuneytisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, með síðari breytingum.

Það er almennur skilningur á íslenskum vinnumarkaði að launamenn taki laun samkvæmt eldri kjarasamningi þangað til nýr samningur tekur gildi. Þannig er tryggt að ekkert tómarúm verði við gerð nýrra kjarasamninga. Þegar samningur milli aðila er í höfn er kveðið á um gildistöku ákvæða hans. Væri því ef til vill eðlilegra að aðilar semdu um að umræddar launahækkanir og aðrar breytingar á kjarasamningi tækju gildi frá þeim degi er sanngjarnt þætti í hverju tilviki er samningar hafa dregist á langinn í stað þess að kveðið yrði á um slíkt með lögum. Virðist því sem umrædd breytingatillaga takmarki samningsfrelsi aðila.

Ráðuneytið vill undirstrika að gerð kjarasamninga er alfarið á verksviði samtaka aðila vinnumarkaðarins og hefur verið lögð áhersla á að aðilarnir semji um kaup og kjör í viðræðum sín á milli. Þar sem um er að ræða málefni er snertir efni kjarasamninga er mikilvægt að haft sé náið samráð við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins um þetta málefni. Ráðuneytið telur afgreiðslu frumvarpsins ekki tímabæra.

F. h. r.

 
Gylfi Kristinsson / Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir



Alþingi
Félagsmálanefnd
Við Austurvöll

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 27.11.2002


Efni: Umsögn um frumvarp til laga stéttarfélög og vinnudeilur, 5. mál lausir kjarasamningar, 128. löggjafarþing 2002-2003.

Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp ný regla um gildistöku launahækkana og annarra kjarabóta skv. kjarasamningum. Reglan verði sú að séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skuli upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmingss þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færast gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt verði að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla.

Samtök atvinnulífsins eru andvíg framangreindri breytingartillögu og mæla gegn samþykkt hennar. SA mótmæla ennfremur þeim hugsunarhætti, sem fram kemur í tillögunni, að það sé hlutverk löggjafans að hlutast til um efnisinnihald kjarasamninga með þessum hætti.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðst. framkvæmdastjóri



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 128/508
komudagur 4.11.2002

Reykjavík 2. desember 2002.

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarféiög og vinnudeilur, með síðari breytingum, 5. mál.

Komi inn í lögin um stéttarfélög og vinnudeilur ákvæði eins og verið er að leggja til í frumvarpinu gæti það flýtt fyrir gerð kjarasamnings fyrir sjómenn á fiskiskipum. Alþingismenn ættu að þekkja vel til þess hvernig gengið hefur að ná samningum fyrir þessa stétt launamanna undanfarinn áratug. Í ljósi reynslunnar varðandi gerð kjarasamninga fyrir sjómenn á fiskiskipum styður Sjómannasamband Íslands frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/365
komudagur 2.12.2002



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2002

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 80/1938 um stéttarfélög (5. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð telur frumvarpið miða að því að skerða samningsfrelsi manna á sviði vinnuréttar enn frekar en nú er og leggst gegn því að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,



Sigríður Ásthildur Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is

Alþingi
Erindi nr. P 128 / 248
komudagur 21.11.2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS


Nefndasvið Alþingis,
Félagsmálanefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 21. nóvember 2002

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, 5. mál.

Vélstjórafélag Íslands tekur undir efnisatriði frumvarpsins og telur að verði það að lögum sé í því falin veruleg réttarbót a.m.k. til handa sjómönnum á fiskiskipum.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands



Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!

Borgartúni 18 105 Reykjavík sími: 562 9062 bréfasími: 562 9096
Umboðsskrifstofur: Vesturlandi: Sæbóli 29 350 Grindafirði sími: 438 6894 Norðurlandi: Skipagötu 14 600 Akureyri sími: 4621870
Suð-Asturlandi: Smárabraut 13 780 Höfn Hornafirði sími: 478 1255
Deildir: Suðurnesjum: Hafnargötu 32 230 Reykjanesbæ Vestfjörðum: Hlíðarstræti 14 415 Bolungarvík
Vestmannaeyjum: Básum Básaskersbryggju 900 Vestmannaeyjum